

HULA - byggðasamlag um sorpmeðferð
Austurvegi 17
870 Vík

Reykjavík, 22. desember 2022
UST202202-331/S.M.
08.14.02

Reglubundið eftirlit á urðunarstað Hulu bs

Þann 21. september 2022 fór fram reglubundið eftirlit á urðunarstað Hulu bs á Skógasandi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Í eftirliti 5. október 2021 kom fram frávik er varðar:

1. Gr. 1.2 í starfsleyfi. Heimilt er að taka á móti og urða allt að 400 tonn af úrgangi á ári. Árið 2020 voru urðuð 522 tonn af úrgangi á urðunarstaðnum sem er umfram heimild starfsleyfis.

Rekstraraðili hefur sent inn úrbótaáætlun vegna þessa, en áætlunin hefur ekki gengið eftir.

Engin ábending var gerð í eftirlitinu nú en eitt frávik kom fram er varðar:

2. Gr. 5.4 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert fyrir undangengið almanaksár. Skil á skráningum voru ekki fullnægjandi þar sem skráningar vantaði fyrir tl. 2-6 í gr. 5.1.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum (1 og 2) í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 12. janúar 2023.

Virðingarfyllst,

Sigríður Magnúsdóttir
sérfræðingur

Sigríður Kristinsdóttir
sérfræðingur